

Nemandinn okkar

Nemandinn er stúlka í **6. bekk** í skóla á Suðurnesjum. Hún er frá Mongólíu og hefur búið á Íslandi síðast liðin tvö ár. Hún er afburðarnemandi og gengur mjög vel. Kennararnir hafa ekki undan við að finna fyrir hana námsefni og efast um að þeir liðsinni henni sem skyldi. Foreldrar hennar eru menntaðir og í góðum stöðum.

Auka útgangspunktur

Alexía vinnur bókaverkefni sín vel. Hún hefur gott bakland. Foreldrar hennar eru kröfuharðir bæði á hana sem og á skólann. Hún fær tíma í íslensku sem öðru tungumáli, a.m.k. 1 tíma á dag þar sem unnið er í litlum hóp eða aðstoð kemur inn í bekk. Hún er komin langt í stærðfræði miðað við jafnaldra og getur unnið sjálfstætt.

NEMANDINN

Að hún setji sér markmið um námið og félagslega virkni. Hún gefi upplýsingar um sjálfa sig – út frá einhvers konar sjálfsmati.

Gott er að nota athafnarlista - með þeim er hægt að safna upplýsingum um nemada frá honum sjálfum og foreldrum og sjá þá hvað þau telji mikilvægt í námi barnsins og hvað barnið vill fá út úr skólagöngu sinni.

SKÓLINN

Meta stöðu nemandans í íslensku (málnotkun, lestur, orðaforði) og stærðfræði matlistar notaðir. Sjá lista í verkfærakistu.

Skoða félagslega stöðu hennar og líðan. Spyrja kennara hennar, hana sjálfa og foreldrana um það.

Kynna sér áhugamál hennar (nýta það í tengslum við námið).

Fundur með foreldrum (með túlki), þeim kynnt námsefni Alexíu og útskýra fyrir þeim að framundan séu samræmt próf og ólíklegt að Alexía ráða við þau þó hún sé dugleg. Í 7. bekk þyngist námið nokkuð. Benda foreldrum á leiðir í tónstunda- og félaglífi.

Samskipti, notkun málsins. Orðspil, orðaleikir, Orðagull, Tölum saman,

Félgasleg staða og líðan. Tengja hana jafningja.

Fjölmeningarkennsla í bekk, vinaverkefni, Pals, Samvinnunám jafningja, CLIM, menningarmót, trúnaðarstörf með öðrum.

Hugtök, orðaforði.

Lestur, lesskilningur. Samlestur, paralestur. Pals, Kiwiaðferðin. Lesskilningsaðferðir kenndar öllum nemendum í bekknum hennar Alexíu s.s. KVL, lesskilningshringurinn, gagnvirkur lestur, hugtakakort.

Ritun og stafsetning

Aðstoð með námsefni bekkjarins. Draga saman meginatriði í því, nota hugtakakost, aðlagð námsefni og námsmat fyrir það. Nýta veraldraðefni til að koma þekkingu til hennar á móðurmálinu. Nota námsefni bekkjarins til að kenna nýjan orðaforða.

Heimanámsaðstoð. Þó Alexía sé dugleg þarf hún enn að vinna vel með orðaforða og hugtakaskilning og þarf því aðstoð með lestur á því námsefni sem hún fær. Einnig er gott að undirbúa hana fyrir kennslustundir. Lesa fyrir hana eða draga saman úr lesefni það sem taka á fyrir í bekk svo hún geti fylgt í verkefnum sem unnin eru.

Samstarf við fjölskyldu. Regluleg og góð samskipti og tíðir fundir með foreldrum um stöðuna til að byrja með.

Stuðningsfjölskylda.

Kynna menningu lands og þjóðar – utan og innan skóla, vettvangsferðir o.fl.

Skólinn fær inn námskeið eins og í fjölmenningsfærni til þess að kennarar og annað starfsfólk sé tilbúið til að takast á við nýja menningu.

FJÖLSKYLDAN

Efning móðurmáls, foreldrum kynnt mikilvægi þess að viðhalda móðurmálinu með því meðal annars að tala það heima, lesa með og fyrir barnið og ræða um kvikmyndir og bækur. Ekki er í boði móðurmálskennsla í mógólsku. Þeim bent á að sækja í námsefni eða netefni á móðurmáli þeirra ef þau geta nálgast það. Fjölskyldan kynni þeirra menningu. Var ekki þarna talað um menningarmót þar sem allir kynna sína menningu?

NÆRSAMFÉLAGIÐ

Hverfið, sveitarfélagið – hvernig er staðið að upplýsingagjöf – aðgengi upplýsinga – hvert á að leita – hvaða þjónusta er í boði – fjölskyldu – og skólaþjónusta. Ef vel ætti að vera ætti sveitarfélagið að eiga helstu upplýsinga um sig á nokkrum tungumálum og svo er hægt að finna almennar upplýsingar á fjölmenningssetrinu mcc.is

ÍSLAND

Heilbrigðiskerfi, stjórnarfar, landshættir, menntun, menning. Sjá einnig um nærsamfélagið og fjölmenningssetrið.